



# Bæjarstjórnarfundur nr. 1304

## Síðari umræða um fjárhagsáætlun 2020


10. desember 2019





# Megin atriði í fjárhagsáætlun 2020

- Ber vott um ábyrga og árangursríka fjármálastjórn síðustu ára
  - Rekstrarafkoma stefnir í að verða góð og mikilvægt er að viðhalda þeim árangri áfram og nýta þau tækifæri sem eru til staðar til uppbyggingar og þróunar í sveitarfélaginu.
  - Sterk fjárhagsstaða samstæðu Akraneskaupstaðar
- Sóknarfæri Akraneskaupstaðar og áskoranir á árinu 2020 eru:
  - Koma lóðum við Skógarhverfi og Sementsreit í söluferli og markaðssetja Akranes sem vænlegan kost til búsetu
  - Gera Akranes sýnilegra til atvinnuuppbyggingar í ljósi lækkunar fasteignagjalda til fyrirtækja.
  - Stuðla að auknum tækifærum í heilsutengdum málefnum í bæjarfélaginu í anda heilsueflandi samfélags.
  - Undirbúa sveitarfélagið fyrir fjórðu iðnbyltinguna með áherslu á sjálfvirknivæðingu og rafræna stjórnsýslu.
  - Bæta búsetuúrræði fatlaðra í samstarfi við þroskahjálp og vinna að varanlegri lausn fyrir Fjöliðjuna eftir bruna á árinu
  - Áframhaldandi vinna við menntastefnu eftir vel heppnað íbúðing á árinu. Undirbúningur að uppbyggingu leikskóla og opnun fimleikahúss sem mun gjörbreyta aðstöðu til íþróttaiðkunar við Vesturgötu.






Helstu tölur  
fjárhagsáætlunar

---



# Samstæðureikningur 2013-2023

Útkomuspá 2019 og áætlun 2020-2023 í milljónum króna





# Helstu forsendur í áætlun ársins

- Álagt útsvar verður óbreytt eða 14,52% vegna launa ársins 2019.

- Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts lækka

15,97% lækkun á álagningarprósentu íbúðarhúsnæðis (úr 0,2865% í 0,2407%)

11,415% lækkun á álagningarprósentu húsnæðis fyrirtækja (úr 1,5804% í 1,4000%)

- Sorpgjöld fyrir hverja íbúð m.v. tvær sorptunnur:

Sorphreinsunargjald verður óbreytt kr. 18.786

Sorpeyðingargjald verður óbreytt kr. 16.021

- Lóðaleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum lækkar frá fyrra ári

20,47% lækkun og verði 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða

5,22% lækkun og verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða

- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2019 eru fimmtánda hvers mánaðar frá janúar til október. Áfram er veitt ívilnun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþegar í samræmi við reglur bæjarstjórnar Akraness.





# Helstu forsendur í áætlun ársins frh.

- Almennar þjónustugjaldskrár hækka samkvæmt lífshjálpsáamningi um **2,5%** þann 1. janúar 2020.
- Í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 er gert fyrir **1506 m.kr.** til ýmissa verkefna á árinu 2020.
- Í almennt viðhald og húsumsjón eru áætlaðar um **137 m.kr.**
- Útgjöld vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði aukast um **3,48%**
- Útgjöld vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði aukast um **3,82%**
- Útgjöld vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði eru lækka um **1,14%**.
- Útgjöld vegna starfsemi sviði menningarmála hjá Akraneskaupstað lækka um **12,68%**
- Útgjöld vegna starfsemi sviði atvinnu- og ferðamála hjá Akraneskaupstað lækka um **31,37%**
- Útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar hjá Akraneskaupstað aukast um **7,00%**
  - 130 m.kr. Er ráðstafað út á sviðin með viðaukum, aukning því ekki marktæk.






# Samstæða

## Fjármálabrú raun 2018 til útkomuspár 2019

Rekstrarniðurstaða Samstæðu Akraneskaupstaðar frá rauntölum 2018 til útkomuspár 2019






# Samstæðureikningur

## Samanburður á áætlun og spá 2019

### Útkomuspá vs áætlun 2019

- Rekstrartekjum er spáð að verði kr. 7.784 m.kr. árið 2019 eða um 129 mkr hærri en áætlun þar af:
  - Útsvar 50 mkr
  - Fasteignaskattar -17 mkr (undir áætlun)
  - Lóðaleiga á áætlun
  - Jöfnunarsjóður 78 mkr
  - Aðrar tekjur 18 mkr
- Rekstrargjöld á sama tímabili, að meðtöldum afskriftum, er spáð að verði kr. 7.615 m.kr. eða 115 mkr hærri en áætlun þar af:
  - Launagjöld 44 mkr
  - Lífeyrisskuldbinding 1 mkr
  - Annar rekstrarkostnaður 67 mkr
  - Afskriftir 2 mkr
- Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði er spáð að verði 372 mkr eða 72 mkr hærri en áætlun
- Búist er við óreglulegum liðum í útkomuspá fyrir árið 2019 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir en sala eigna á Dalbrautarreit er spáð að verði að fjárhæð 153 mkr eða 30 mkr hærri en áætlun

Rekstrarreikningur spá 2019 og áætlun 2019








# Samstæða



## Fjármálabrú áætlun 2019 til útkomuspár 2019





# Samstæða (fyrri umræða 12. nóv. 2019)

## Fjármálabrú útkomuspá 2019 – áætlun 2020







# Samstæða

## Fjármálabrú breytingar á áætlun 2020 milli fyrri og síðari umræðu


Rekstrarniðurstaða samstæðu - Breytingar milli fyrri og síðari umræðu





# Samstæða

## Fjármálabrú útkomuspá 2019 – áætlun 2020





Íbúapróun og  
helstu forsendur




# Samstæðureikningur

## Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2019, skv. útkomuspá, nemur tæpum 526 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2020 er áætluð 310 m.kr. eða 3,8% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því lækka um 215,7 m.kr. milli ára 2019 og 2020.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni fara dvínandi á árunum 2020-2022 en aukast á árinu 2023.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2020-2023) nemur 945 m.kr. eða að meðaltali um 236 m.kr. á ári eða sem nemur 2,8%.

Þróun rekstrarafkomu






# Samstæðureikningur

## Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2020 er áætlað 1.169 m.kr. og hækkar því um 42 m.kr. milli ára. Munar þar mest um breytingu skammtímalíða (138 m.kr.) og lægri rekstrarafkomu milli ára (-216 m.kr.).
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar 1.473 m.kr. og eru því að aukast um 720 m.kr. milli ára og þar vegur þyngst frekari fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum um 671 m.kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins 2020 eru áætlaðar -381 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -244 m.kr., innborgun á lífeyrisskuldbindingu -94 m.kr. en ný lán að fjárhæð 100 m.kr. á móti.
- Handbært fé í árslok 2020 er áætlað 1.402 m.kr. og lækkar því um -655 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki um 1.386 m.kr. á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2019 til ársloka 2023.

## Þróun sjóðstreymis







# Samstæðureikningur

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar frá 2012 hefur tekið stakkaskiptum, frá því að vera neikvæður árið 2012 og 2013 yfir í það að vera jákvæður um 1.592 m.kr. árið 2019 skv. útkomuspá.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2012, þ.e.a.s. það hefur farið úr 109% niður í 28% og mun nema 34% í árslok 2023.

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga









# Samstæðureikningur

## Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 2,1 skv. útkomuspá ársins 2019. Það er talsvert yfir meðaltali veltufjárshlutfalli áráanna 2012 til 2018 sem nemur 1,5.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.

Þróun veltufjárhlutfalls








Áherslur einstakra  
málaflokka árið  
2020

---



# Atvinnu- og ferðamál


- Markaðssetning á Akranesi sem vænlegs kost til uppbyggingar íbúðar- og atvinnuhúsnæði
  - Vefur opnaður fyrir markaðssetningu atvinnu- og íbúðalóða
    - Flóahverfið
    - Mánabraut og Suðurgata
    - Síðar; Skógarhverfi, Langasandsreitur, Dalbrautareitur
  - Kynningarátak m.a. með rafrænum hætti
  - Kynning á lækkun fasteignaskatta til fyrirtækja
- Þróunarfélag Grundartanga
  - Möguleg þátttaka í fyrirtæki um rekstur hitaveitu á Grundatangasvæðinu
  - Unnið áfram að framgöngu þróunarverkefna:
    - Varmi nýttur til framleiðslu lífræns hráefnis og eldsneytis, framleiðslu rafmagns og nýtingu afgangsvarma til mögulegrar þörungaræktar, fiskeldis, hitaveitu, ylræktar og gufuöflunar hjá fyrirtækjum á svæðinu.
    - Carbfix lausn OR nýtt til föngunar koltvísirings til niðurdælingar eða eldsneytisframleiðslu í samræm i við viljayfirlýsingu.
- Breiðin
  - Stefnumótun um framtíðaruppbyggingu – áframhaldandi vinna með KPMG í samstarfi við Brim
    - Hátækni- og hugvitsþorpið
    - Heilsuþorpið
    - Silfurþorpið
    - Sjávarþorpið
  - Munum eiga nánara samtal um næstu skref með Brim og svo viljum við eiga gott samtal við íbúa um frampróun til uppbyggingar á atvinnumöguleikum





# Atvinnu- og ferðamál

- Guðlaug
  - Áframhaldandi þróun áherslna við Guðlaugu. Útfærsla á gjaldtöku og mögulegri aukningu á þjónustu
- Hugmyndasamkeppni um svæði Langasands á Akranesi, frá Jaðarsbraut að Leyni
- Áframhaldandi vinna í samstarfi við Landsvirkjun til undirbúnings uppbyggingu Gagnavers á Akranesi.
- Starfshópur um Spölur 2.0. Ákvörðun tekin um mögulega stofnun fyrirtækis sem mun sjá um innheimtugátt vegna veggjalda, sektargreiðslna og rekstur bílastæðasjóða.
- Deiliskipulag tjaldsvæðis klárað og undirbúningur fyrir uppbyggingu smáhýsa á svæðinu.



# Skóla- og frístundamál


- Úrvinnsla og ákvarðanir um niðurstöðu íbúapings um lærdómssamfélagið Akranes. Í framhaldinu endurskoða skólastefnu Akraneskaupstaðar.
  - Áætlanir og aðgerðaráætlun um eflingu málproska og læsi
  - Efla samstarf milli skólastiga
  - Efla samstarf foreldra og skóla til eflingar námsárangurs, líðan og heilbrigðs lífstíls nemenda
  - Endurmenntunaráætlun fyrir starfsmenn
  - Endurskoðun stöðu frístundastarfs í tengslum við málþings í tilefni 40 ára afmælis starfs í Arnardal
  - Kynningarátak í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
  - Innleiðing og aðgerðaráætlun á markmiðum stýrihóps um heilsueflandi samfélag
  - Vinna að mötuneytismálum í framhaldi af niðurstöðu starfshóps





# Velferðar- og mannréttindamál

- Myndun samráðshóps um málefni fatlaðs fólks á Akranesi.
- Endurnýjun á samningi við Hvalfjarðarsveit vegna félagsþjónustu, barnaverndar og málefna fatlaðra.
- Endurskoðun Velferðarstefnu Akraneskaupstaðar
- Efla samstarf við HVE og stuðnings- og stoðþjónustu.
- Skoðun og ákvarðanataka um notkun á velferðartækni til að styðja við að fólk geti búið sem lengst heima
- Húsnæðisáætlun kláruð og fylgt eftir
- Ákvarðanir um mögulegt samstarf við Ás styrktarfélag um íbúðir fyrir fatlað folk og tryggja húsnæði þeirra er búa við Holtsflöt.
- Hefja uppbyggingu á Fjöliðjunni, vinnu- og hæfingarstað fyrir fatlaða
- Seinna námskeið um þjónandi leiðsögn og eftirfylgni fyrir sviðið.
- Endurskoðun verkferla er snerta þjónustu við fatlað folk (börn og fullorðna).
- Nánari skoðun á búsetuúrræðum fyrir eldri borgara og ákvarðanataka
- Auka stuðning við þá sem greinast með heilabilun og fjölskyldur þeirra.
- Fylgja eftir nýsamþykktri jafnréttis- og framkvæmdaáætlun
- Þjónustumiðstöð við Dalbraut mun hefja starfsemi sem þó gæti færst til ársins 2020.





# Stjórnsýsla og fjármál


- Opnun bókhalds til að tryggja gagnsæi um notkun fjármuna bæjarins
- Gefin út myndbönd um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020
- Tækjakostur grunnskóla endurnýjaður
- Jafnlaunavottun kláruð og verklagsreglur kynntar starfsmönnum
- Samstarf við stærri sveitarfélög um útgáfu apps með öflugri þjónustu við bæjarbúa.
- Rafvæðing ferla í þjónustu og stuðningur við stafræna vegferð sveitarfélaga
- Útboð bankaviðskipta
- Starfspróunar og endurmenntunaráætlanir útbúnaðar og aðgerðaráætlun unnin
- Ársreikningur, fjárhagsáætlunarvinna, mannauðsdagur, persónuverndarlög áframhald





# Menningar- og safnamál

- Stefnt er að opnun nýrrar grunnsýningar Byggðasafnsins í Görðum í mars
- Útfærsla og fyrstu skref tekin í átt til starfsemi framtíðar Bókasafns
- Viðburðahald írskra daga, vökudaga, 17. júní og nýjungar framundan







Akranes

# Bær í uppbyggingu


Í fjárfestinga og framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir 1506 mkr í fjárfestingar árið 2020  
- Viðbætur frá fyrri umræðu 20 mkr í Keilu og 100 mkr í gatnagerð í Skógarhverfi



# Skipulags- og umhverfismál

## Helstu framkvæmdir

- Stærra viðhald gatna, hluti Garðagrundar, Suðurgata og Krókatún.
- Gatnagerð, Flóahverfi, Skógarhverfi, áfangi 3A að hluta og aðlögun gatna við Fagralund og Asparskóga v. breytinga á deiliskipulögum.
- Faxabraut, grjótvörn og stígur.
- Stofnstígur, byrjun á stíg upp í Flóahverfi.
- Sérækar aðgerðir í umferðaröryggi.
- Endurhönnun grunnskólalóða.
- Fjöliðjan unnið að bættri framtíðarlausn í takt við það sem verður ákveðið.
- Leikskóli sex deilda, hönnun og byrjun framkvæmda.
- Brekkubæjarskóli, klára innanhúsframkvæmd, viðbót kennslustofa.
- Þjónustumiðstöð aldraðra, útboð á endanlegum frágangi, verk klárast á árunum 2020 og 2021.
- Fimleikahús, framkvæmd klárast.
- Uppbygging á Reiðhöll
- Fjárfesting í Keilubúnaði





# Skipulagsverkefni

## Skipulagsverkefni


- Klára endurskoðun aðalskipulags.
- Tjaldsvæði.
- Skógarhverfi 4 (fjölbýli).
- Skógarhverfi 3B (leik – og grunnskólalóð).
- Skógarhverfi 3A (Raðhús -og einbýlishúsalóðir).
- Langisandur og nærumhverfi þ.m.t. Guðlaug.
- Jaðarsbakkar.
- Breyting eldri skipulaga m.a. við Ægisbraut og Vesturgötu.
- Dalbrautareitur, v. Fjöliðjan og frekari stækkun v. íbúðabyggðar.
- Þétting byggðar.
- Breytt skipulagsmörk gagnvart Hvalfjarðarsveit.
- Grenndarkynningar.

## Rekstrarverkefni

- Útboð á slætti.
- Útboð á Strætó.
- Endurnýjun gatnalýsingar, framkvæmdaplan.
- Brunavarnaráætlun og fyrirkomulag slökkviliðsmála.
- Grenndarstöð.
- Endurbætur á Gámastöð.
- Fyrirkomulag sorpmála m.a. í tengslum við lífrænt sorp.
- Fyrirkomulag vinnuskóla.

## Annað

- Uppkaupasjóður.
- Samningur vegna fráveitu við Veitur.
- Auglýsa upp byggingasvæði fyrir úthlutun.
- Veðurstöð.
- Umhverfisstefna.
- Hleðslustöðvar við stofnanir.





Sókn í uppbyggingu  
og áfram ábyrg  
fjármálastjórnun

---